

## Stjórnarfundur Prentisöguseturs 08.08 2019

**Fundarstaður:** Prentisögusetur, Laugavegi 29, 101 Reykjavík

**Mætt:** Heimir, Hjörtur, Haukur Már, Þorsteinn, Sófus, Svanur og Katrín

**1. Skálholt / staðan** – Á Skálholtshátíð 21. júlí síðastliðinn var samþykkt að félagið fengi afnot af fjósi við Skálholt undir Prentisögusetur. Frá því að hugmyndin fæddist hafa hlutir gengið hratt fyrir sig og er stjórnin mjög ánægð með niðurstöðuna og er full tilhlökkunar um framhaldið.

Ákveðið var að setja saman framkvæmdaráð varðandi setur í Skálholti (fjósaráð), tillaga kom um að Haukur Már, Þorsteinn og Katrín myndu vera í því ráði, það var samþykkt.

Rætt hefur verið að við fáum aðgang að hlöðu, hluta af tækjageymslu og fjósið sem eru 499.5 fm. Fjósaráð munu á næstunni fara í þá vinnu að gera samning við stjórn Skálholts um fyrirkomulag og í framhaldi af því og/eða samhliða verður gerð kostnaðaráætlun fyrir Prentisögusetur.

Kostnaðaráætlun þarf að liggja fyrir svo hægt sé að sækja um styrki. Möguleikar eru margir þegar kemur að styrkjum til gerð seturs og er hugsanlegt að við munum vera í samstarfi við stjórn Skálholts varðandi fjáröflun setursins.

**2. Prentisögusetur á Laugarvegi** – Breyting verður á útgjöldum þegar húsaleigan hækkar frá og með mánaðarmótunum júlí/ágúst úr 65.000.- í 79.000.- krónur. Þó þetta sé ekki mikil upphæð þá er sjóðurinn fljótur að fara og mikilvægt að finna setrinu innkomu.

Ákveðið var að setja saman framkvæmdaráð fyrir setrið á Laugavegi líka, tillaga kom um að Heimir, Hjörtur og Sófus myndu vera í því ráði, það var samþykkt. Þeir ætla að skoða námskeiðshald og aðra huganlega möguleika sem gætu styrkt setrið.

Einnig var rætt að gera setrið aðeins huggulegra, setja upp skjá og annað svo hægt sé að halda fyrirlestra eða sýna myndefni tengt setrinu. Mikið er til af ljósmyndum og öðru efni sem fróðlegt væri að sýna gestum og gangandi.

## 6. Önnur mál...

**Þakka fyrir okkur** – rætt var um að senda þeim fjölmörg sem hafa lagt hönd á plóg þakklætisvott, það þótti góð hugmynd og ætlar Þorsteinn að listi niður alla þá sem ber að þakka. Verk í vinnslu.

**Sækja styrk til nýsköpunarmiðstöðvar** – spurning hvort við gætum fengið stuðning hjá frumkvöðlasetri til að gera góða kostnaðar-, markaðs- og aðrar þær áætlanir sem þarf að gera svo hægt sé að átta sig á stærð og umfangi. Á hugmyndastigi.

**Samstarf** – Þorsteinn ætlar að setja sig í samb. við Helgi M. Sigurðsson forstöðum. Árbæjarsafns, hann hefur mikla reynslu af uppbyggingu safna. Hugsanlegt væri að fá hann til samstarfs. Á hugmyndastigi.

**Eitt eða tvö setur** – Staðan í dag er að vinna að því að gera setrið á Laugarvegi sýnilegt og aðgengilegt til að hægt sé að halda fyrirlestra og jafnvel eitthvað fleira. Framtíðin verður að segja til um það hvort það verði eitt eða tvö setur, vel hugsanlegt að þau geti verið sitthvor einningin. Framtíðarpæling.

Fundi slitið.